

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Stella Rúnarsdóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 21. desember 2020  
UST202012-188/A.B.  
10.04.02

**Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 - Reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógarbyggðar er barst 18. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027, vegna reiðleiðar með Skeiða- og Hrunamannavegi.


Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að setja inn reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi, frá Biskupstungnabraut að Einholtslæk. Auk þess kemur fram að frá Einholtslæk að Einholtstvegi er er gert ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi reiðleið austan við veginn, með breytingunni verður hún færð vestur fyrir veginn. Einnig kemur fram að reiðleiðin verður innan veghelgunarsvæðis Skeiða- og Hrunamannavegar og er á svæði sem þegar hefur verið raskað með vegagerð, girðingum og skurðum.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur